

Ályktun um fjámögnun málaflokks fatlaðs fólks

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8. og 10. september 2022 tekur undir ályktun aðalfundar BsVest frá 5. júlí sl. og stjórnarfundar BsVest frá 1. september sl. og hefur þungar áhyggjur af sívaxandi halla í rekstri málaflokks fatlaðs fólks.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks er samstarfsverkefni sveitarfélagana á Vestfjörðum og heldur utan um þá þjónustu sem veita á samkvæmt lögum 38/2018 lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Áætlun fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir halla á málaflokknum upp á kr. 195.000.000,- og mikilvægt er að bregðast við þeim halla.

Við þessu verður að bregðast og aukið fjármagn verður að koma inn í málaflokkinn frá ríkisvaldinu.

Bókun frá aðalfundi BsVest

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks tekur undir ályktun aðalfundar BsVest og lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Aðalfundur Byggðarsamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn á Ísafirði 5. júlí 2022 lýsir yfir þungum áhyggjum á boðaðri skerðingu á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Samkvæmt fyrstu áætlun jöfnunarsjóðs gefin út 29. september 2021, kemur fram að framlög til svæðisins séu kr. 545.571.000,- en samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins munu framlög til svæðisins vera kr. 465.374.000,- en það er skerðing um kr. 80.000.000,- á milli áætlana og ljóst að slíkt tekjufall leggst þungt á rekstur á vegum Byggðasamlagsins og fyrirsjáanlegt að slík skerðing hafi áhrif á þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélög á Vestfjörðum eru illa í stakk búin til að greiða þann halla og þessi niðurstaða mun hafa neikvæð áhrif á aðra þjónustu til íbúa og skerða þannig samkeppnishæfni samfélaganna. Er ljóst að þessi breyting kemur til án tíma til aðlögunar. Fundurinn kallar eftir auknu upplýsingaflæði og samráði við Jöfnunarsjóð hvað framlög sjóðsins varðar. Hér er um að ræða skýra birtingarmynd á vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins og skorar stjórnin á stjórnvöld að auka framlög til þjónustu við fatlað fólk.

Um nokkurra ára skeið hefur rekstur málaflokksins ekki staðið undir sér og lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs ekki staðið undir þeirri þjónustu sem þarf að veita.

Kostnaðarpróun á þjónustu við fatlað fólk árið 2018 -2020 sem kom út í [nýlegri greiningu starfshóps](#) ráðherra sýnir að rekstrarniðurstaða landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hefur þá þrefaldast á síðustu þrem árum eða frá árinu 2018. Einnig er ljóst að hallinn fyrir árið 2021 er talsvert meiri. Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fagnar því að skipað hafi verið í starfshóp félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins þannig að hann skili af sér niðurstöðum fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. september nk.

Flutningsmenn: Arna Lára Jónsdóttir fyrir hönd stjórnar BsVest